

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023  
UST202308-251/B.S.  
10.05.00

## **Efni: Umhverfismat framkvæmda og áætlana - Hringvegur um Síðu - Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun

### **Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 - 20227.**

Í matinu skortir betri umfjöllun um vatnshlotin og möguleg áhrif framkvæmdanna á þau. **Því skal framkvæmdaraðili gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin** og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið náist ekki. Meðal annars þarf að huga að mengunarhættu vegna notkunar malbiks, tjöru og annarra efna. Í kafla 5.5. kemur fram að vegagerð, brúargerð og efnistaka geta haft tímabundin áhrif á vatnafar á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því í hverju þessi tímabundnu áhrif felast en samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlunar má ástand vatnshlotanna ekki hraka.

Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 - 20227. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Fjalla þarf um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í matsáætlunni.

Umhverfismarkmið straumsvatnshlotana er að hafa gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotana er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlota má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið. Frekari upplýsingar um vatnshlot og umhverfismarkmið þeirra eru aðgengilegar á [Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands](#). Nánari útskýring um gæðapættu sem notaðir eru til að meta ástand straumsvatna og grunnvats er aðgengileg í 1 kafla viðauka III

reglugerðar 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og í [vatnaáætlun](#)<sup>1</sup> ásamt [vöktunaráætlun](#)<sup>2</sup> hennar.

Ef fram kemur að áætlun vegaf framkvæmd geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlota innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar náist ekki skal viðkomandi framkvæmdaraðili endurskoða framkvæmdaráætlun í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru fjögur straumsvatnshlot, Rauðá/Merkislækur (103-553-R), Breiðbalakvísl/Geirlandsá (103-550-R), Fossálar (103-617-R), og Hörgsá 1 (103-920-R). Auk þess eru tvö grunnvatnshlot á svæðinu, Kaldbakur (103-180-G) og Suðursandar (013-296-G).

Umhverfisstofnun telur að taka eigi námu E36 af lista yfir efnistökusvæði sem nýtt verða við framkvæmdina. Ástæðan er sú að Umhverfisstofnun og Vegagerðin lögðu mikla áherslu á að gengið væri frá námunni og efnistöku þar hætt. Náman er vel frágengin og bent hefur verið á að hér er um að ræða fallega fjallshlíð í fögru umhverfi sem ekki ætti að raska frekar. Vegagerðin og Umhverfisstofnun ásamt Landsvirkjun halda út heimasíðunni namur.is og þar leggja þessar stofnanir ríka áherslu á að hætta eigi efnistöku úr skriðum vegna þess að slíkar námur geta orðið mikið lýti og erfitt að ganga frá þeim svo vel sé. Því er talið best að hætta við efnistöku úr skriðum sérstaklega hér þar sem varla verður skortu á efni á aurum við nýja veglínu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu eerindi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Andreas Ströberg,  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

<sup>2</sup> [Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022 - 2027](#)